

BORGARRÁÐ

Ár 2017, fimmtudaginn 6. júlí, var haldinn 5459. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.04. Viðstödd voru Sigurður Björn Blöndal, Líf Magneudóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Halldór Halldórsson og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Birgir Björn Sigurjónsson, Björn Axelsson, Örn Sigurðsson, Hrólfur Jónsson, Hallur Símonarson og Bjarni Þóroddsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Petta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir hverfisráðs Breiðholts frá 13. og 20. júní 2017. R17010006
2. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Kjalarness frá 15. júní 2017. R17010011
3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Laugardals frá 28. júní 2017. R17010012
4. Lögð fram fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 26. júní 2017. R17010018
5. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 5. júlí 2017. R17010021
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.
6. Lögð fram fundargerð verkefnisstjórnar miðborgarmála frá 27. júní 2017. R17050116
7. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 8 mál. R17070001
8. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 75/2013. R17070002
9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. júní 2017, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 21. júní sl. að fella niður reglulega borgarstjórnarfundi í júlí og ágúst nk., skv. heimild í 4. mgr. 8. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. Í sumarleyfi borgarstjórnar fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella. R15060169
- Kl. 9.05 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.
- Kl. 9.08 tekur Halldór Auðar Svansson sæti á fundinum.
10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017 á verklýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi vegna breyttrar landnotkunar atvinnusvæðis í Gufunesi. R11060102
Samþykkt.
- Kl. 9.10 tekur Ebba Schram sæti á fundinum.
11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. júlí 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs s.d. á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna breytinga á landnotkunarskilmálum í miðborgarkjarna M1a vegna gististarfsemi í miðborginni. R11060102
Samþykkt.
12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða vegna lóðarinnar nr. 18 við Bíldshöfða. R17070005

Samþykkt.

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. júlí 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna nr. 4-12 við Elliðabraut. R17070010
Samþykkt með þeim fyrirvörum að gerð er krafa um a.m.k. 5% gróðurþekju á bílastæðum og 15% runna og trjáþekju á öðrum svæðum á lóð. Með aðaluppdrætti skal fylgja séruppdráttur af skipulagi lóðar. Þessum skilmálum skal bæta inn á uppdrætti áður en tillagan verður auglýst.
14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017 á lýsingu um nýtt deiliskipulag fyrir Gufunessvæðið, 1. áfanga. R17070006
Samþykkt.
15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017 á breytingum á skilmálum deiliskipulags Njálsgötureits, reitur 1.190.3. R17040010
Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir greiða atkvæði gegn deiliskipulagsbreytingu á Njálsgötureit 1.190.3. Við teljum það ljóst að aukning á hótél- og gistisuppbýggingu á kostnað íbúabyggðar innan miðborgarinnar er komin að þölmörkum eins og m.a. má lesa úr þeim fjölda athugasemda sem bárust við auglýsingunni. Mikilvægt er að bregðast við með endurskoðun á aðalskipulaginu án tafar enda stefnir í öfni. Hvað varðar frekari rökstuðning þá vísun við til tillagna sem við höfum sett fram á kjörtímabilinu er snúa að markmiðssetningu er varðar hótéluppbýggingu í miðborginni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Því verður ekki neitað að það er áhyggjuefni að íbúum miðborgar hefur farið fækkandi vegna vaxandi umfangs gististarfsemi. Við því hefur verið brugðist með því að þrengja með almennum hætti í aðalskipulagi að heimildum til reksturs slíkrar starfsemi í miðborginni og færa hana í skilgreindar aðalgötur, til að af þeim skapist sem minnst ónæði í íbúðarhverfum. Í gildandi aðalskipulagi er Barónsstígur skilgreindur sem aðalgata og því er erfitt að finna málefnaleg rök fyrir því að hafna því að deiliskipulagi á Njálsgötureit 1.190.3 verði breytt í samræmi við það. Almenn stefnumörkun borgarinnar er samt sem áður skýr og miðar að því að vernda íbúabyggð í miðborginni, bæði með því að takmarka þar gististarfsemi og setja stífar reglur um hvar hópferðabifreiðar mega aka þar um og leggja.

16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið Þ59, Sprengisandur. R17070003
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. júlí 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar, eining G, vegna Móavegs 2-4 og Spangarinnar 3-5. R16070010 Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Leiguhúsnæðið sem Bjarg ætlar að byggja er ætlað tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að þetta kerfi taki við þar sem félagslega kerfið hættir. Nú eru hins vegar 1022 umsækjendur á biðlista eftir almennum félagslegum leiguíbúðum hjá borginni. Félagsbústaðir hafa rétt til að kaupa 20% af íbúðunum. Félagsleg blöndun er því ekki mikilvæg í þessum húsum sem Bjarg byggir að mati meirihlutans í borginni en meirihlutinn hefur hingað til borið það fyrir sig að ekki gangi að Félagsbústaðir byggi hús t.d. fyrir einhleypa barnlausa umsækjendur á miðjum aldri því félagsleg blöndun sé það mikilvæg. Bjarg er því að gera það sem borgin átti að vera búin að gera fyrir löngu. Athyglisvert er að Bjarg fékk lóðina gegn greiðslu gatnagerðargjalds og byggingarréttargjalds en byggingarréttargjaldið er í formi stofnframlags sem Reykjavíkurborg getur krafist endurgreiðslu á. Hingað til hefur t.d. lóðum undir stúdentaíbúðir verið úthlutað eingöngu gegn greiðslu gatnagerðargjalds en ekki hefur verið rukkað byggingarréttargjald eins og borgin er nú byrjuð að gera. Þá greiðir Bjarg fyrir deiliskipulagsvinnuna. Borgin er því í raun ekki að gera neitt annað en að finna lóð fyrir Bjarg eins og eðli málsins samkvæmt er hlutverk hennar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sú uppbygging sem boðuð er við Spöngina er mikilvægur liður í að bjóða öllum borgarbúum húsnæði á viðráðanlegu verði. Vannýtt svæði í grónu hverfi með ríka þjónustu fær betri nýtingu samkvæmt gildandi skipulagi. Tillagan felur í sér breytingar sem taldar eru geta orðið til að auka hagkvæmni og er eðlilegt að þær verði kynntar með auglýsingu.

18. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. júlí 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabyggð – svæði 2. R16110133 Samþykkt.
19. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. júní 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2017 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Langholtsskóla að Holtavegi 23. R17070004 Frestað.
20. Lögð fram svohljóðandi tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 23. júní 2017:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fyrstu tillögum starfshóps um íþróttaviðburði í Reykjavík verði vísað til frekari úrvinnslu og tillögugerðar starfshópsins, sbr. hjálagt bréf formanns hópsins, dags. 19. maí 2016. Þá skal vinna starfshópsins jafnframt taka mið af því að viðburðir sem ekki eru í hagnaðarskygni og viðburðir sem tengjast lýðheilsu geti fengið styrk frá Reykjavíkurborg á móti útgjöldum vegna götulukana og gjalda sem greiða þarf Reykjavíkurborg. Miðað er við að kostnaður á árinu 2017 verði 15 m.kr. sem greiðist af kostnaðarstaðnum ófyrirséð 09205 og árið 2018 verði kostnaður 15 m.kr. sem færður verði inn í fjárhagsramma umhverfis- og skipulagssviðs, undir liðinn 3212 viðburðir. Samráð verði á milli umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs um hvaða verkefni teljist styrkhæf. R16030185

Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Lagt fram bréf borgarlögmanns og sviðstjóra íþrótt- og tómstundasviðs, dags. 4. júlí 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að samkomulagi, dags. s.d., milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Fram um flutning félagsins úr Safamýri í Úlfarsárdal/Grafarholt, uppbyggingu mannvirkja og rekstur þeirra og afhendingu eigna í Safamýri ásamt aukafjárveitingar til íþrótt- og tómstundasviðs vegna málsins. R13100424
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikið fagnaðarefni er að samningar séu að takast milli Reykjavíkurborgar og Fram um flutning félagsins upp í Úlfarsárdal. Mikil og glæsileg íþróttamannvirki munu samkvæmt samningi rísa hratt og styðja við félagið til góðrar uppbyggingar og afreksstarfs. Gott er að hrein og klár skil verða á íþróttamannvirkjum við Safamýrina og sátt um að samið verði við eitthvert af nálægum starfandi íþróttafélögum að taka við þar. Samningur þessi er það góður fyrir íþróttaupbyggingu félagsins og jafnvel öðrum framur og öðrum samningum jafnvel fyrirmynd að Reykjavíkurborg þarf að skoða hvort enn frekar þurfi að styðja við önnur hverfisíþróttafélög svo íbúar borgarinnar njóti sammælis s.s. í efra Breiðholti hjá Leikni, í Laugardalnum hjá Þrótti, í Árbænum hjá Fylki og Grafarvöginum hjá Fjölni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata fagna því að samningar hafi náðst við íþróttafélagið Fram og að uppbygging íþróttaaðstöðu í Úlfarsárdal geti hafist.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna því að samningar hafi náðst milli Reykjavíkurborgar og Fram vegna löngu tímabærrar uppbyggingar íþróttamannvirkja í Grafarholti-Úlfarsárdal. Íbúar þessara hverfa hafa sýnt borginni ríkulegan samstarfsvilja og langlundargeð vegna seinkunar sem varð á uppbyggingu vegna efnahagsáfalla í þjóðfélaginu á sínum tíma. Ljóst er að frekari metnaðarfull uppbygging í Úlfarsárdal mun leiða til þéttingar byggðar í hverfinu, sem er jákvætt í sjálfu sér. Sú ákvörðun vinstri meirihlutans í borgarstjórn að draga verulega úr íbúabyggð í Úlfarsárdal frá því sem áður var ákveðið, rýrir þó möguleika rekstraraðila á því að veita öflugan þjónustu í hverfinu og á það ekki síst við um íþrótt- og æskulýðsstarf. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja því enn og aftur til að skipulag í Úlfarsárdal verði endurskoðað og íbúum fjölgað með það að markmiði að þar skapist góð skilyrði til að reka blómlegt íþrótt- og félagsstarf.

Kristbjörg Stephensen og Ómar Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 10.38 vikur Björn Axelsson af fundinum.
22. Lagður fram dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2228/2016: Vilhjálmur Guðmundsson, Páll Guðmundsson, Ragnheiður Þ. Guðmundsdóttir og Andri Þór Guðmundsson gegn Reykjavíkurborg. R16060143
23. Lagður fram dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3627/2017: Berglind Arnardóttir gegn Reykjavíkurborg. R16110023

24. Lögð fram svohljóðandi tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 26. júní 2017:

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi við Reykjavík Akadémíuna fyrir árið 2017. Upphæðin, 2.839.000 kr., greiðist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur, verkefni 09803. R17060192

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

25. Lögð fram svohljóðandi tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 3. júlí 2017:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita Stígamótum styrk að upphæð 5 m.kr., af kostnaðarstaðnum ófyrirséð, 09205, til að koma til móts við mikla aukningu í aðsókn í þjónustu samtakanna. Framlaginu er m.a. ætlað að tryggja fræðslu og þjónustu til jaðarsettra hópa.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17040146

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

26. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að undirbúningur verði hafinn strax að viðbyggingu Melaskóla, sbr. 51. gr. fundargerðar borgarráðs frá 1. júní 2017. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 6. júní 2017, og minnisblað sviðstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi aðbúnað nemenda Melaskóla, dags. 19. maí 2017. R17060018
Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhags- og fjárfestingaáætlunar.

27. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að strax verði gripið til úrbóta í húsnæðismálum Melaskóla, sbr. 52. gr. fundargerðar borgarráðs frá 1. júní 2017. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 6. júní 2017, og minnisblað sviðstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi aðbúnað nemenda Melaskóla, dags. 19. maí 2017. R17060018

Lögð fram svohljóðandi breytingatillaga borgarráðs:

Lagt er til að ráðist verði í brýnar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur við Melaskóla í sumar og haust, þar með talið málun innanhúss, viðhald og bón á gólfefni og tilfærslur innanhúss samkvæmt óskum stjórnenda og starfsfólks. Þá verði skólanum boðið viðbótarhúsnæði í nágrenni skólans frá og með næsta hausti. Umrætt húsnæði yrði tímabundin ráðstöfun þar til framtíðarlausn verður ákveðin í húsnæðismálum skólans. Þá verði mótaðar tillögur um hvernig megi bæta úti aðstöðu og leiksvæði barna í skólanum, s.s með því að nýta betur græn svæði í nærumhverfi skólans.

Samþykkt.

28. Lögð fram tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 30. júní 2017, að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna flutnings á rekstri Bílastæðasjóðs úr sérstökum sjóði yfir í rekstur aðalsjóðs og eignasjóðs. R17020176

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

29. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 3. júlí 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð staðfesti og samþykki framsal byggingarréttar og falli frá forkaupsrétti vegna lóðarinnar við Lautarveg 8. R17050037
Samþykkt.
30. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 23. júní 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili að auglýsa til leigu fasteignina að Víðinesvegi 30. R17060188
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna á tillögu sína um að útbúin verði aðstaða í ónotuðu húsnæði borgarinnar á Víðinesi til að taka á móti heimilisláusu fólki og hýsa það. Tillagan var flutt í júlí 2015 og hefur hún því legið fyrir í tvö ár. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að nú þegar hafi gefist nægur tími til að skoða þá framkvæmd sem tillagan felur í sér og hvetja til þess að henni verði ekki frestað frekar. Tækifæri gefst til þess með fyrirhuguðum breytingum á Víðinesi þegar Útlendingastofnun hættir leigu á húsnæði þar.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Við teljum mikilvægt að afstaða velferðarráðs til notkunar á fasteigninni liggi fyrir áður en gengið verður til samninga við utanaðkomandi aðila og er það í samræmi við bókun okkar þegar fasteignin var leigð upphaflega til Útlendingastofnunar.

31. Lagt fram erindi Faxaflóahafna hf., dags. 28. júní 2017, varðandi áskorun um bann við notkun á svartolíu og svæði þar sem útblæstri skipa eru sett takmörk. R15100028
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.
32. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Þann 1. september 2016 lögðu Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu í borgarráði um að áskorun yrði send á fjármálaráðherra að skattleggja ofurbónusa sem þrotabú greiði. Tillagan var sett fram vegna fréttu um ofurbónusa til starfsmanna föllnu bankanna, en reglur Fjármálaeftirlitsins um bónusgreiðslur til starfsmanna fjármálaþyrirtækja eiga ekki við um þrotabú og ljóst er að greiðslur sem þessar séu til þess fallnar að auka enn á ójöfnuð í jafnlitlu samfélagi og Íslandi. Ekki er um að ræða að starfsmenn þeir sem þiggja ofurbónusa séu hluthafar þrotabús eða beri á nokkurn hátt hallann af rekstri þess. Tillagan var lögð fram að nýju á fundi borgarráðs 3. nóvember 2016 og þá samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er í viðræðum við ríkið um tekjuskiptingu hins opinbera. Nú berast aftur fréttir um ofurbónusa frá þrotabúi föllnu bankanna. Óskað er eftir því að lagt verði fyrir borgarráð minnisblað frá Sambandinu þar sem farið er yfir hvernig málsmeðferð þessarar tillögu hefur verið hjá Sambandinu. R16090008

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að borgarráð feli innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að rannsaka aðdraganda að lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurflogvelli af hálfu stjórnslu Reykjavíkurborgar með sambærilegum hætti og unnið verður af hálfu Ríkisendurskoðunar fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Unnin verði sambærileg tímalína af hálfu borgarinnar og unnin var fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og athafnir Reykjavíkurborgar, ákvarðanir og stefnumörkun og rannsakað hvort allt

slíkt sé ekki samkvæmt reglum, heimildum og lögum. Rannsakað verði hvort borgin hafi virt fyrirvara sem tengist samþykkt Aðalskipulags Reykjavíkurborgar 2010-2030 um uppbyggingu í Vatnsmýri þar sem tímasetning hennar er jafnframt háð frekara samkomulagi við samgönguyfirvöld ríkisins um flutning flugstarfsemi af svæðinu. R17070032

Frestað.

34. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins kalla eftir upplýsingum um hvaða breytingar verða á leigufjárhæð félagslegra þjónustuíbúða í Seljahlíð eftir að Félagsbústaðir fara að innheimta leigu þar. Íbúar í Seljahlíð búa við mikla óvissu varðandi þróun leigufjárhæðar, þjónustugjalda og hússjóðs. Í upplýsingunum verði gerð grein fyrir því hvernig húsnæðisbætur koma til lækkunar á leigu og hvort það gagnist öllum íbúum í félagslegum þjónustuíbúðum í Seljahlíð. R15050131

35. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna á samþykkt borgarstjórnar frá 21. mars sl. þar sem samþykkt var að vísa til umhverfis- og skipulagsráðs því að hefja innleiðingu á fullkomnu umferðarmódeli fyrir höfuðborgarsvæðið og óska eftir að upplýsingar um stöðu málsins verði lagðar fram í borgarráði. Ekki hefur borið á þessu máli síðan það var samþykkt í borgarstjórn en mikilvægi þess að fullkomið umferðarmódel verði innleitt nú þegar hefur sjaldan eða aldrei verið meira vegna þess að í vinnslu eru hugmyndir um borgarlínu og umferð hefur verið að þyngjast jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hefur borið á sérstökum áhuga meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur að nálgast umferðarmálin í heild sinni með því að innleiða fullkomið umferðarmódel sem mæli alla samgöngumáta. R17030210

36. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Framsókn og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir gera tillögu um að ekki verði lagt á byggingarréttargjald fyrir lóðir fyrir námsmannabúðir, félagslegar íbúðir og til féлага sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða til að byggja leigu- og/eða búseturéttaríbúðir fyrir fólk sem er undir eigna- og tekjumörkum.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17070033

Frestað.

37. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Á fundi borgarráðs 26. mars 2015 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að tekið yrði jákvætt í ósk Íþróttafélagsins Fylkis um lagningu gervigrass á keppnisvöll Fylkis gegn því að félagið gæfi eftir notkun á 1,4 hektara æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls sem hentar vel til þéttingar byggðar. Borgarráð samþykkti tillögu Sjálfstæðisflokksins með þeirri breytingu að erindi Fylkis yrði jafnframt vísað til gerðar hverfisSKIPULAGS. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka nú tillöguna og óska eftir upplýsingum um framvindu málsins. Nú er eru rúm tvö ár liðin frá því að umrædd tillaga var samþykkt og ætti því að vera búið að ganga frá samkomulagi við Fylki um vallarlagningu og uppbyggingu í tengslum við hana á grundvelli tillögunnar. Minnt er á tillögur Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg styrki framkvæmdir vegna áhorfendaaðstöðu Fylkis með sambærilegum hætti og gert hefur verið vegna slíkra framkvæmda hjá öðrum hverfisÍþróttafélögum í borginni og er jafnframt óskað eftir upplýsingum um framvindu þess máls. R17070034

38. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráð felur borgarstjóra að sjá til þess að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Leigusamningur við lóðarhafa að Stjörnugróf 18 rann út í árslok 2016 og er borgarstjóra jafnframt falið að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í Smáíbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfum. Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem flutt var í borgarstjórn 1. mars 2016, en að tillögu borgarstjóra var henni vísað til meðferðar borgarráðs. Þrátt fyrir að sextán mánuðir séu nú liðnir frá umræddum borgarstjórnarfundum hefur tillagan enn ekki hlotið neina meðferð í borgarráði. Nú eru níu ár liðin frá því að áður nefnt fyrirheit var samþykkt samhljóða í borgarráði. R16030025

Frestað.

Fundi slitið kl. 11.28

Sigurður Björn Blöndal

Líf Magneudóttir
Halldór Auðar Svansson
Kjartan Magnússon

Heiða Björg Hilmisdóttir
Halldór Halldórsson
Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir